



Birna María B. Svanbjörnsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands



*„Leadership and teamwork in a new school:  
Developing a professional learning community“*

fimmtudaginn 26. mars kl. 14.30 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Jorunn Møller, prófessor við Háskólann í Ósló, og dr. Ulf Blossing, dósent við Háskólann í Gautaborg.

Leiðbeinendur voru dr. Marey Allyson Macdonald, prófessor við Háskóla Íslands, og dr. Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor við Háskólann á Akureyri. Auk þess sat í doktorsnefnd dr. Anna Kristín Sigurðardóttir dósent við Háskóla Íslands

Dr. Ólafur Páll Jónsson, deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni

**Allir velkomnir**

### ***Forysta og teymisvinna í nýjum skóla:***

#### *Þróun lærdómssamfélags*

Um er að ræða starfendarannsókn í nýjum grunnskóla í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins sem felur í sér samstarf bandavinar og tveggja skólastjórnenda í 3 ½ ár. Matshluti starfendarannsókna var notaður til að fylgjast með þróun mála.

Meginrannsóknarspurningarnar voru: a) Hvaða merkingu hefur forysta til náms í þróun starfshátta í nýjum skóla? Og b) Hvað styður og hvetur til forystu til náms? Forysta til náms vísar til þess stuðnings sem stjórnendur keppast við að veita við þróun lærdómssamfélags í skólanum.

Mismunandi stigum rannsóknarinnar var lýst og þau rædd í fjórum fræðigreinum. Meginmarkmið fyrstu greinarinnar var að draga fram og öðlast skilning á þeim viðfangsefnum sem taka þurfti á í upphafi starfs hins nýja skóla. Í annarri greininni beindist athyglin að einstaklingsmiðun sem markmiði í lærdómssamfélagi. Þriðja greinin rýnir í hvernig skólinn efldi teymisvinnu sem tæki til samstarfs og starfsþróunar. Fjórdá greinin varpar ljósi á og metur hvaða áhrif sá stuðningur sem skólustjórnendur veittu starfsfólki hafði á nemendur, foreldra, stuðningsfulltrúa og skólaliða.

Ein mikilvæg niðurstaða er sú að skólinn tókst vel á við þá áskorun sem fólst í að „læra til að vera“ sem einn þeirra hornsteina náms sem UNESCO hefur skilgreint. Það var gert með teymisvinnu sem leiðandi afl samvinnu og starfsþróunar í skólanum. Skólinn stendur frammi fyrir þeirri áskorun að þurfa að finna leiðir til að efla nám, teymisvinnu og vöxt allra meðlima skólasamfélagsins. Ein helsta niðurstaða rannsóknarinnar, og hvað markverðasta framlag hennar, er að skólinn hefur mótað hjá sér samstarf og stuðning þar sem þátttakendum gafst tími og svigrúm til að efla fagmennsku sína á vinnustað sínum og á vinnutíma. Tvö ný og sterk einkenni lærdómssamfélags komu í ljós í hinum nýja skóla; annars vegar vel skipulögð teymisvinna og hins vegar formlegar samræður um ýmis trúnaðarmál á teymisfundum

### ***Leadership and teamwork in a new school:***

#### *Developing a professional learning community*

This action research project in one new compulsory school in an urban area in Iceland involved the collaboration of a critical friend and two school leaders for 3 ½ years. Evaluation research was used in order to follow developments.

The main research questions were: a) What does leadership for learning mean in the development of practice of one new school? and b) What supports and encourages leadership for learning?

Leadership for learning refers to the support the leaders strive to give when the school is developing as a professional learning community.

The phases of the research were described and discussed in four papers. The main goal with the first paper was to understand and elicit the issues in the early days of the school. The focus in the second paper was on differentiation in the school as a goal in a PLC. Paper three scrutinized how the school improved the teamwork as a tool for collaboration and professional development in the school. The fourth paper evaluates the effect on students, parents and paraprofessionals when the school is developing a PLC.

Important findings is that the school tackled well the challenge concerning 'learning to be' put forward by UNESCO. Teamwork was a driving force but the teachers were the dominant power in the school. A challenge for the new school is to find paths for improving leading, learning, teamwork and growth for all members of the school community.

A key conclusion and contribution of the research is that the school created collaboration and support in which participants had time and space to improve their profession in their working area within their workday. Two new and deep qualities of a PLC appeared in the new school; on the one hand highly structured teamwork and on the other formal confidential dialogues in team meetings.

### **Um doktorsefnið**

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir starfar sem forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og lektor við kennaradeild sama skóla. Hún lauk B.Ed. námi frá Kennaraháskóla Íslands 1988 og M. Ed. námi frá Háskólanum á Akureyri 2005. Viðfangsefni hennar í starfi og rannsóknum tengjast námi í víðum skilningi. Í því felst skólaþróun, starfsþróun og starfshættir í skólastarfi sem stuðla að námsaðlögun, virku námi og lærdómssamfélagi, svo sem teymiskennslu, jafningjastuðningi, forystu og ígrundun. Eiginmaður Birnu er Gunnar Þór Gunnarsson hjartalæknir. Dætur þeirra eru Oddný Gunnarsdóttir háskólanemi og Sóley Gunnarsdóttir grunnskólanemi.

Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir is a director of the Centre of School Development at the University of Akureyri and an assistant professor in the School of Education at the same university. She has a B.Ed. in education 1988 from the Iceland University of Education, and a M.Ed. 2005 from the University of Akureyri. Her main emphases in practice and research has to do with learning in a broad sense. This includes school development and professional development and practice in school that supports differentiation, active learning and professional learning community, for example teamwork, peer-coaching, leadership and reflection. Birna is married to Gunnar Þór Gunnarsson cardiologist. Their daughters are Oddný Gunnarsdóttir, a university student and Sóley Gunnarsdóttir, a primary school student.